

Sumarferðir 2014

Viðhorfskönnun unnin fyrir

Vegagerðina



**Land-
ráð sf**

Dr. Bjarni Reynarsson

Skipulagsfræðingur

Nóvember 2014

Efnisyfirlit

Ágrip.....	3
Inngangur.....	4
Ferðir út fyrir búsetusvæði.....	5
Innanlandsflug.....	13
Ferðavenjur á höfuðborgarsvæðinu.....	18
Viðauki I: Bakgrunnsupplýsingar.....	26
Viðauki II: Spurningalisti.....	28
Viðauki III: Kannanir Land-ráðs sf á ferðavenjum.....	33

Ágrip

Helstu niðurstöður þessarar viðhorfskönnunar á ferðavenjum sumarið 2014 eru eftirfarandi:

Ferðir út fyrir sveitarfélag.

- Heldur dró úr meðalfjölda ferða út fyrir búsetusvæðið sumarið 2014 borið saman við fyrri kannanir. Sérstaklega á þetta við um ferðir frá höfuðborgarsvæðinu.
- Notkun einkabílsins er heldur að dragast saman og fleiri ferðast sem farþegar í bíl.
- Um 8% svarenda notaði Strætó í ferðum út fyrir búsetusvæði og var meðalfjöldi ferða 4,5.
- 11% svarenda töldu að fjöldi erlendra ferðamanna sumarið 2014 hafi haft áhrif á ferðavenjur sínar. Alengast var að svarendur sögðust hafa forðast fjölsóttu ferðamannastaði.
- Flestir vilja sjá fleiri jarðgöng á landsbyggðinni, umbætur á hringveginum og bættu almenningsvagnþjónustu.

Innanlandsflug.

- Töluvert hefur dregið úr innanlandsflugi miðað við fyrri kannanir. Svarendur í landsbyggðarkjörnum nota innanlandsflug að jafnaði 4,4 sinnum og íbúar höfuðborgarsvæðis 0,9 sinnum.
- Um 62% svarenda vill ekki flytja miðstöð innanlandsflugs úr Vatnsmýri. Sama á við 54% svarenda á höfuðborgarsvæði og 51% Reykvíkinga.
- Flestir þeirra sem heimsækja höfuðborgarsvæðið eiga erindi vestan Elliðaárvogar, sérstaklega í miðborginni.

Ferðavenjur á höfuðborgarsvæðinu.


- Meðalferðatími er að lengjast á höfuðborgarsvæðinu. Er tæplega 13 mínútur sumarið 2014.
- Notkun einkabílsins hefur verið að dragast saman úr 87% allra ferða 2007 í 75% 2014.
- Svarendur sem búa í eða nærri miðborginni bæði ganga og hjóla meira en aðrir svarendur á höfuðborgarsvæðinu.
- Þeir sem nota meira aðra ferðamáta en einkabílinn 2014 ganga og hjóla meira en áður. Tæp 8% nota yfirleitt Strætó.
- Flestir svarendur á höfuðborgarsvæðinu vilja sjá aukna áherslu á umbætur á stofnbrautakerfinu, bættu þjónustu Strætó og umbætur á göngu- og hjólaleiðum.
- Áhersla á umbætur á stofnbrautakerfinu hefur minnkað frá 2007 þegar flestir nefndu þann kost, en er vaxandi samkvæmt könnun 2014.

Inngangur

Skýrsla þessi er unnin fyrir samgönguyfirvöld af Land-ráði sf í samvinnu við MMR ehf. Hún er kostuð af Vegagerðinni. Meginmarkmið könnunarinnar var að fá skýra mynd af ferðavenjum innanlands og breytingum á þeim frá fyrri könnunum Land-ráðs sf fyrir samgönguyfirvöld. Upplýsingarnar eru hugsaðar sem grunngögn við almenna stefnumótun í samgöngumálum, sérstaklega fyrir endurskoðun á samgönguáætlun.

Viðhorfskönnunin sem er netkönnun (Nethópur MMR ehf) fór fram í september 2014. Tóku um 1.200 manns þátt í henni. Könnunarstaðir voru þeir sömu og í fyrri könnunum Land-ráðs sf fyrir samgönguyfirvöld. Þeir eru Höfuðborgarsvæðið, Árborg, Reykjanesbær og Akranes (jaðarbyggð höfuðborgarsvæðisins), Ísafjörður, Akureyri og Egilsstaðir (landsbyggðarkjarnar). Þá er höfuðborgarsvæðinu skipt í 4 hluta.


Könnunin skiptist í þrjá þætti; ferðir út fyrir búsetusvæði, innanlandsflug og ferðir innan höfuðborgarsvæðis. Spurt var 24 spurninga (sjá spurningalista í viðauka I). Þær eru flestar þær sömu og í fyrri könnunum. Nýjar spurningar fjalla um notkun Strætó á landsbyggðinni og hvaða áhrif fjöldi erlendra ferðamanna hafði á ferðir landsmanna sumarið 2014. Ákveðið hefur verið að þessar kannanir verði unnar annað hvort ár, til skiptis vetrarkönnun sem fer fram í mars og sumarkönnun í september. Þetta er 11. könnunin á ferðavenjum sem Land-ráð sf vinnur fyrir samgönguyfirvöld.



Ferðir út fyrir sveitarfélag eða búsetusvæði.

Fjöldi ferða út fyrir búsetusvæði.

Meðalfjöldi ferða út fyrir búsetusvæði yfir sumartíma (júní – ágúst) 2014 fyrir alla könnunarstaði er heldur minni en í fyrri könnunum eða 11 ferðir en var á bilinu 13 – 15 ferðir. Þessi samdráttur á bæði við um höfuðborgarsvæðið og jaðarbyggð, en meðalfjöldi ferða jókst frá landsbyggðarkjörnum sumarið 2014 borið saman við fyrri kannanir. Fólk á höfuðborgarsvæðinu er að fara að meðaltali 7- 12 ferðir í þessum könnunum, þeir sem búa í jaðarbyggð 18 – 23 ferðir og fólk í landsbyggðarkjörnum 8 – 12 ferðir. Hæst var ferðatíðnin sumarið 2007 fyrir efnahagshrunið.



Mynd 1


Eins og í fyrri könnunum eru karlar meira á faraldsfæti en konur. Karlar fara að meðaltali 12 ferðir en konur 9. Ekki er mikill munur á ferðatíðni eftir aldri sumarið 2014. Ef litið er til jaðarbyggðar er meðalfjöldi ferða fyrir Árborg 21 ferð, 18 fyrir Reykjanesbæ og 17 frá Akranesi. Töluverður samdráttur hefur verið á ferðum frá Árborg borið saman við þensluárið 2007 þegar meðalfjöldi ferða var 30 ferðir. Ferðatíðni frá landsbyggðarkjörnum skiptist þannig að Akureyringar fóru að meðaltali 12 ferðir, Ísfirðingar 11 og Egilsstaðabúar 8 svipað og í síðustu könnunum. Mikil fækkun hefur verið á ferðum frá Egilsstöðum frá því að framkvæmdir við álver í Reyðarfirði stóðu yfir. Þannig var meðalfjöldi ferða frá Egilsstöðum 15 í könnunum 2004 og 2007. Ferðatíðni vex með fjölskyldustærð og hærri tekjum. Þá eru tæknimenntaðir meira á ferðinni en aðrir.

Ferðamáti.

Hlutfall ferða með eigin bíl út fyrir búsetusvæði hefur farið lækkandi frá 2007. Var þá 88% allra ferðamáta 2007, en er komið niður í 83% 2014. Helsta skýringin er sú að hlutfallslega fleiri ferðast nú sem farþegar í bíl en áður, 4% 2007 en 10% 2014. Hlutfallsleg fækkun er í innanlandsflugi, var 4% allra ferða en um 2% 2014. Svipað hlutfall eða 4% nefnir með öðrum hætti þ.e. með ferjum, rútum, Strætó, hjólum og mótörhjólum. Notkun einkabílsins er hæst í

jaðarbyggð 87%, 85% í landsbyggðarkjörnum og lægst frá höfuðborgarsvæðinu 80%. Athygli vekur að 97% ferða Ísfirðinga sumarið 2014 er með eigin bíl. Notkun einkabílsins vex almennt með aldri og hærri tekjum.


Þeir sem ferðast einna mest sem farþegar í einkabíl er ungt fólk 18 – 24 ára þ.m.t. námsmenn og konur frekar en karlar sem og fólk sem býr á höfuðborgarsvæðinu. Ungt fólk notar hlutfallslega mest áætlunarbíla og Strætó.



Mynd 2

Ferðast með Strætó út fyrir búsetusvæði.

Um 8% allra svarenda 2014 höfðu ferðast með Strætó út fyrir sitt búsetusvæði. Þetta er í fyrsta sinn sem spurt er um notkun Strætó í þessum könnunum. Konur nota þjónustuna heldur meira en karlar og ungt fólk meira en það eldra, sérstaklega fólk 18 – 24 ára. Reyndar er notkun fólks 55 – 64 ára einnig mikil. Notkunin er tvöfalt meiri í jaðarbyggð en í öðrum könnunarsvæðum eða um 14% að meðaltali.




Mynd 3

Mikill munur er á milli könnunarstaða í jaðarbyggð. Um 21% höfðu notað Strætó í Árborg, 15% á Akranesi en aðeins 6% í Reykjanesbæ. Tæp 7% Akureyringa notuðu Strætó sumarið 2014 og

rúm 10% íbúa á Egilsstöðum. Rúmur fimmtungur þeirra sem ekki hafa bíl til afnota notuðu Strætó. Þeir sem búa vestan Reykjanesbrautar í Reykjavík (Reykjavík I) notuðu Strætó mun meira til ferða út fyrir höfuðborgarsvæðið en aðrir íbúar á svæðinu.

Meðalfjöldi ferða með Strætó út fyrir búsetusvæði sumarið 2014.


Þeir sem notuðu Strætó sumarið 2014 fóru að meðaltali 4,4 ferðir. Svarendur í jaðarbyggð fóru flestar ferðir að meðaltali 6,6, svarendur í landsbyggðakjörnum 3,4 og svarendur á höfuðborgarsvæði færstar eða 2,4 að meðaltali. Notkunin er mest frá Akranesi 8 ferðir að meðaltali og 7,5 frá Árborg en aðeins 1,7 ferðir frá Reykjanesbæ. Akureyringar notuðu Strætó mun oftast en Egilsstaðabúar sumarið 2014 eða 5, 6 ferðir að meðaltali á mótí 1,7 ferðir Egilsstaðabúa. Notkunin er mest meðal ungs fólks, sérstaklega meðal þeirra sem búa enn í foreldrahúsum.



Mynd 4

Eignarhald á ferðavögnum (tjaldvagnar, fellihýsi og hjólhýsi).

Eignarhald á ferðavögnum hefur haldur minnkað frá 2007, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Aftur á mótí hefur hún haldist svipuð í jaðarbyggð og í landsbyggðarkjörnum.




Mynd 5

Þá var eignarhaldið mun meira í úthverfum höfuðborgarsvæðisins en vestan Elliðaána. Hún er einna mest hjá miðaldra fólki.

Notkun ferðavagna.


Notkun ferðavagna hefur minnkað nokkuð frá 200,7 en þá voru þeir notaðir að meðaltali í 11 daga yfir sumarið, en 9 daga 2014. Mest notkun er meðal eldra fólks, 65 ára og eldri eða 17 daga að meðaltali. Algengasta notkun er 8 – 12 dagar að sumri.



Mynd 6


Hve oft ferðast til höfuðborgarsvæðisins.

Hæst náði meðalfjöldi ferða yfir sumarið 2007 eða 13 ferðir, en sumarið 2014 var meðaltalið 9. Frá landsbyggðakjörnum hafa ferðirnar verið á bilinu ferðir 2-4 að meðaltali, færri í síðustu tveimur könnunum



Mynd 7


Meðalfjöldi ferða til höfuðborgarsvæðisins frá jaðarbyggð yfir sumartímann hefur sveiflast mikið frá 2004. Vex mikið milli 2004 og 2007 og helst svipaður 2010, en dregst umtalsvert saman 2014. Samdrátturinn er meiri frá Árborg og Reykjanesbæ en frá Akranesi. Þessi sveifla nær jafnt til allra aldurshópa. Ekki eru sömu sveiflur í ferðafjölda frá landsbyggðarkjörnum. Þeir sem hafa háar tekjur og fjölmenn heimili fóru oftast til höfuðborgarsvæðisins en aðrir sumarið 2014.



Mynd 8

Ferðafjöldi innanlands sumarið 204 borið saman við 2013.

Rúmur helmingur svarenda taldi sig hafa ferðast svipað sumarið 2014 borið saman við 2013. Rúmur fimmtungur meira og 28% minna.




Mynd 9

Svipaðar niðurstöður eiga við alla aldurshópa og búsetusvæði. Það er helst að yngra fólk og Akureyringar sem nutu veðursældar ferðuðust meira en aðrir.

Hafði fjöldi erlendra ferðamanna áhrif á ferðaáætlanir þínar sumarið 2014?


Í sumarkönnun 2014 var í fyrsta sinn spurt umhvort fjöldi erlendra ferðamanna hafi haft áhrif á ferðaáætlanir landsmanna. Um 11% töldu svo vera. Það eru helst yngra fólk og svarendur í landsbyggðarkjörnum sem svöruðu spurningunni játandi. Það eru svarendur sem búa nærri miðborg Reykjavíkur, Egilsstaðabúar og Akureyringar sem finna fyrir þessum áhrifum sem og bændur.



Mynd 10

Hvaða áhrif?

Um 75% þeirra sem töldu fjölda erlendra ferðamanna hafi haft áhrif á ferðaáætlanir sínar sumarið 2014 nefndu að þeir hafi hætt við að heimsækja fjölsóttu ferðamannastaði.




Mynd 11

Aðrir þættir sem nefndir eru; fengu ekki borð á veitingastað 19%, ekki fengið gistingu 16% og ákveðið að ferðast frekar erlendis 13%. Annað sem nefnt er; umferðabungi og tafir, örtröð í verslunum, verðlag hækkað og hætta af hjólreiðafólki. Eldra fólk finnur minna fyrir áhrifum frá erlendum ferðamönnum en yngra fólk og svarendur sem búa nærri miðborg Reykjavíkur (Reykjavík I) meira. Íbúar höfuðborgarsvæðisins nefna oftast en aðrir að þeir hafi valið frekar að ferðast erlendis vegna þessa.


Mikilvægasta framkvæmd við samgöngukerfið næstu misseri.

Í könnun 2014 var bætt við tveimur kostum frá fyrri könnunum, ný Hvalfjarðargöng og að bæta almenningssamgöngur, þannig að samanburður við fyrri kannanir er ekki fullkominn. Töluverðar sveiflur eru milli kannanna. Árið 2007 fá allir kostir svipað hlutfall en 2010 fá umbætur á Suðurlandsvegi og jarðgöng á landsbyggðinni aukið vægi. Árið 2014 nefna flestir jarðgöng á landsbyggðinni og bætta almenningssamgöngur. Umbætur á Hringveginum fá stöðugt meira vægi og umbætur á Suðurlandsvegi lækkuðu enda miklar framkvæmdir verið á honum síðustu tvö ár.



Mynd 12

Ef litið er til svara eftir búsetusvæðum koma skýrt fram mismunandi áherslur. Svarendur í landsbyggðarkjörnum leggja megin áherslu á jarðgöng og að bæta Hringveginn. Svarendur í jaðarbyggð að bæta Suðurlandsveg og Hringveginn. Einnig nefna margir lagningu Sundabrautar, jarðgöng á landsbyggð og bætta almenningssamgöngur. Svarendur á höfuðborgarsvæðinu leggja mesta áherslu á að bæta almenningssamgöngur sem og bætt stofnbrautakerfi. Í næstu sætum er lagning Sundabrautar og að bæta Suðurlandsveg.



Mynd 13


Samantekt.

Heldur dró úr ferðum út fyrir búsetusvæði 2014 miðað við síðustu kannanir, sérstaklega frá höfuðborgarsvæðinu. Notkun einkabílsins í þessum ferðum er að dragast saman og fleiri ferðast sem farþegar í bíl. Um 8% svarenda notuðu Strætó til ferða út fyrir búsetusvæðið sumarið 2014 og er meðalfjöldi 4,4 ferðir. Eignarhald og notkun ferðavagna var svipuð 2014 og í fyrri könnunum. Um 11% svarenda töldu að fjöldi erlendra ferðamanna hafi haft áhrif á ferðaáætlanir sínar sumarið 2014. Flestir nefndu að þeir hafðu hætt við að heimsækja fjölsóttu ferðamannastaði. Jarðgöng á landsbyggð, bættur Hringvegur og bætt almenningsvagnþjónusta eru þau atriði sem flestir nefna sem áhersluatriði varðandi umbætur á samgöngukerfinu.

Innanlandsflug.


Notkun innanlandsflugs – sumartími.

Um 84% svarenda notuðu ekki innanlandsflug sumarið 2014 sem er nokkuð hærri tala en í síðustu könnunum. Um 11% notuðu innanlandsflugið í 1 – 2 skipti og 5% 3 sinnum eða oftar. Þetta eru lægri hlutfallstölur en í síðustu könnunum.



Mynd 14

Þegar spurt var um notkun innanlandsflugs að jafnaði yfir árið var niðurstaðan 1,7 ferðir að meðaltali hjá öllum svarendum sem er lægra meðaltal en 2007 og 2010. Svarendur á höfuðborgarsvæðinu fara að jafnaði 0,9 ferðir með innanlandsflugi á ári, svarendur í jaðarbyggð eina ferð og svarendur í landsbyggðarkjörnum 4,4 ferðir. Þetta eru svipaðar niðurstöður og 2010 og heldur lægri en árið 2007.




Mynd 15

Þeir sem nota innanlandsflug mest er fólk á miðjum aldri með háar tekjur og karlar meira en konur. Af jaðarbyggðum er notkunin mest í Reykjanesbæ og Akureyringar og Egilsstaðabúar fljúga mun oftast en Ísfirðingar.

Flug til útlanda.


Mikil aukning er á meðalfjölda flugferða 2014 frá 2010 eða 2 ferðir að meðaltali á móti 1,1 ferð og heldur fleiri ferðir að meðaltali en 2007. Þeir sem fljúga oftast 4 sinnum eða oftast á ári að meðaltali eru stjórnendur og fólk með háar tekjur. Svarendur á höfuðborgarsvæði fljúga oftast en aðrir svarendur.



Mynd 16


Á að flytja flugstarfsemi úr Vatnsmýri?

Um 62% svarenda voru ósammála því 2014 sem er heldur hærri tala en í síðustu könnunum. Um 14% eru hlutlausir og fjórðungur vill láta flytja flugstarfsemina burt úr Vatnsmýri. Þetta eru svipaðar niðurstöður og úr síðustu könnunum Land-ráðs sf.




Mynd 17

Ef litið er til búsetusvæða eru niðurstöður einnig svipaðar og í fyrri könnunum. Nokkur fjölgun er meðal svarenda utan höfuðborgarsvæðisins sem ekki vilja flytja flugstarfsemina burt úr Vatnsmýri, sérstaklega í jaðarbyggð. Svipaðar niðurstöður koma fram fyrir höfuðborgarsvæðið 2014 og 2010 þ.e. 54% vilja ekki þennan flutning.



Mynd 18

Svör íbúa höfuðborgarsvæðisins eftir borgarhlutum skiptast þannig að 49% íbúa vestan Kringlumýrarbrautar (Reykjavík I) vilja flugstarfsemina burt og síðan lækkar hlutfallið eftir því sem fjær dregur niður í 20% í úthverfum Reykjavíkur (Reykjavík III). Um 36% íbúa Reykjavíkur vilja flugstarfsemina burt úr Vatnsmýri, 51% vilja ekki að hún fari og 13% eru hlutlaus.




Mynd 19

Þeir sem eru mjög ósammála mögulegum flutningi flugstarfsemi úr Vatnsmýri fyrir utan svarendur í landsbyggðakjörnum eru svarendur 50 ára og eldri, tekjulágt fólk og einnig

bændur, sjómenn, embættismenn og stjórnendur. Svarendur í Reykjanesbæ eru mjög hlyntir flutningi og vonast líklega til að innanlandsflugið flytjist til Keflavíkurflugvallar.

Ef ekki í Vatnsmýri - hvert á þá að flytja flugstarfsemina?

Óvissa hefur lengi ríkt um hvar hagkvæmt geti verið að byggja upp aðstöðu fyrir innanlandsflug ef flugstarfsemin verður flutt úr Vatnsmýri. Flestir svarendur eða rúmur helmingur nefna Keflavík, þar næst koma Löngusker með um fjórðungar svara, en fæstir nefna Hólmsheiði.




Mynd 20

Mestur stuðningur við Keflavík er hjá svarendum í vesturhluta Reykjavíkur (Reykjavík I), í grann sveitarfélögum Reykjavíkur sunnan Fossvogsdals og hjá svarendum í Reykjanesbæ. Mestur stuðningur við Löngusker er meðal eldri svarenda og svarenda á landsbyggðinni. Stuðningur við Hólmsheiði er mestur hjá svarendum í úthverfum Reykjavíkur og í Árborg. Almennt má því segja að svarendur vilja hafa sem stystu vegalengd frá heimili að innanlandsflugi nema svarendur í vesturhluta Reykjavíkur (Reykjavík I).

Hvert á höfuðborgarsvæðinu átt þú oftast erindi?

Flestir eiga erindi í Reykjavík vestan Kringlumýrabrautar eða rúmur þriðjungur. Tæpur þriðjungur á erindi milli Kringlumýrabrautar og Elliðaárvogar í Reykjavík (Reykjavík II).



Mynd 21

Um fimmtungur svarenda á erindi í grann sveitarfélög Reykjavíkur sunnan Fossvogsdals og um 8% nefnir úthverfi Reykjavíkur (Reykjavík III). Svipað hlutfall svarenda á erindi í jaðarbyggðir höfuðborgarsvæðisins. Um tveir þriðju svarenda á því erindi í Reykjavík vestan Elliðaárvogar. Yngri svarendur og svarendur frá landsbyggðarkjörnum á oftast erindi í miðborgina (Reykjavík I) en aðrir. Svarendur í jaðarbyggð eiga erindi um allt höfuðborgarsvæðið og sækja svarendur í Reykjanesbæ meira í suðurhluta höfuðborgarsvæðisins en aðrir.

Samantekt.

Töluvert hefur dregið úr notkun innanlandsflugs frá þenslutímanum 2004 – 2007. Að meðaltali fara svarendur í 1,7 ferðir á ári og svarendur í landsbyggðarkjörnum 4,4 ferðir. Aftur á móti er aukning á flugferðum til útlanda. Svarendur fara að jafnaði 2 ferðir á ári. Meirihluti svarenda eða 62% vilja ekki flytja flugstarfsemi úr Vatnsmýri. Sama á við 54% svarenda á höfuðborgarsvæði og 51% Reykvíkinga.

Flestir svarendureða 54% nefna Keflavík sem helsta valkost ef flugstarfsemin í Vatnsmýri verður flutt. Flestir eða 62% sem heimsækja höfuðborgarsvæðið eiga erindi vestan Elliðaárvogar í Reykjavík.

Ferðavenjur á höfuðborgarsvæðinu.


Í ferðavenjukönnunum Land-ráðs sf er höfuðborgarsvæðinu skipt í 4 hluta (Sjá kort). Seltjarnarnes telst með Reykjavík I og Mosfellsbær og Kjalarnes með Reykjavík III.



Mynd 22


Meðal ferðatími.

Samkvæmt þessum könnunum er meðal ferðatími milli heimilis og vinnustaðar á virkum degi að lengjast. Var um 9 og hálf mínúta 2007 og 12 mínútur og 45 sekúndur sumarið 2014. Það er lenging um rúmar 3 mínútur á sjö árum, enda hefur byggðin þanist nokkuð út á þessum tíma og ekki verið mikið um stórframkvæmdir á gatnakerfinu. Að sjálfsögu er hér ekki um mælingu að ræða heldur tilfinningu vegfarenda um ferðatíma sem þó ætti að vera sambærileg milli kannananna.



Mynd 23


Eins og í fyrri könnunum er meðalferðatími stystur miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu í Reykjavík II 10 mínútur og 20 sekúndur og lengstur í grannsvæitarfélögum Reykjavíkur rúmar 14 mínútur. Hann er lengri hjá yngra fólki en eldra og vex með auknum tekjum. Þá er meðalferðatími iðnaðarmanna nokkuð langur. Að meðaltali er ferðatími 16 mínútur hjá þeim sem ekki eiga bíl. Líklega fara margir þeirra um á hjóli eða gangandi stuttar vegalengdir.



Mynd 24

Meðalfjöldi ferða.


Að meðaltali fara íbúar á höfuðborgarsvæðinu 4 til 5ferðir á virkum degi (Ein ferð frá A til B). Ekki er mikill munur milli félagshópa eða borgarhluta. Eykst þó heldur með hærri tekjum.



Mynd 25


Meðaltími í bíl á virkum degi.

Meðaltími í bíl á virkum degi 29 mínútur 2014 hefur styst borið saman við könnun 2010 í samræmi við að þá voru farnar fleiri ferðir að meðaltali. Ekki er mikill munur á milli félagshópa en nokkur milli borgarhluta. Stystur er dvalartíminn í bíl í elsta hluta Reykjavíkur (Reykjavík I) 22 mínútur, þar næst í Reykjavík II 26 mínútur. Lengstan tíma nota svarendur í öðrum borgarhlutum um 34 mínútur.



Ferðamáti.


Einkabíllinn hefur verið ríkjandi í umferð á höfuðborgarsvæðinu um langan tíma, en frá 2007 hefur hlutfall einkabílsins af öllum ferðum farið lækkandi. Þá voru 87% allra ferða farnar sem bílstjóri í einkabíl en í síðustu tveimur könnunum hefur hlutfallið verið 75%.



Mynd 26


Ef litið er til annarra ferðamáta sumarið 2014 fóru rúm 8% yfirleitt um á hjóli, 7,6% í Strætó, tæp 6% gangandi og 3% sem farþegar í bíl. Þetta eru svipuð niðurstaða og í fyrri könnunum

nema hlutfall einstakra ferðamáta hefur aukist umtalsvert. Þannig fóru um 5% á hjóli 2010 og 4% með strætó.



Mynd 27

Ef litið er sérstaklega til aldurs eykst notkun einkabílsins með aldri. Mikil notkun reiðhjóla er hjá fólki 25 – 54 ára. Ungt fólk 25 ára og yngri notar mest Strætó og skipting gangandi vegfarenda er nokkuð jöfn eftir aldri. Ungt fólk 25 ára og yngri ferðast hlutfallslega mikið sem farþegar í bíl. Konur ganga oftast og taka oftast Strætó en karlar en þeir hjóla meira.




Mynd 28

Eins og í fyrri ferðavenjukönnunum Land-ráðs sf er umtalsverður munur eftir borgarhlutum sumarið 2014. Í elsta hluti borgarinnar Reykjavík I er einkabíllinn aðeins notaður í 59% ferða en 75% ferða fyrir höfuðborgarsvæðið í heild. Þar fara um 30% svarenda gangandi eða hjólandi. Aftur á móti er notkun strætisvagna ekki meiri en í öðrum borgarhlutum. Notkun einkabílsins vex með fjarlægð frá miðborg Reykjavíkur. Er 82% í Reykjavík III og 86% í grannsvéitarfélögum sunnan Fossvogsdals. Í Reykjavík II er notkun einkabílsins 72% ferða og um 11% nota yfirleitt reiðhjól.

Er notkun annarra ferðamáta en einkabílsins meiri 2014 en fyrir 2 árum?

Tæpur þriðjungur svarenda telur sig nota meira aðra ferðamáta sumarið 2014 en fyrir tveimur árum, en tveir þriðji hluti svarenda svaraði spurningunni neitandi. Það er fólk 34 ára og yngra og svarendur sem búa í eldri hlutum Reykjavíkur vestan Elliðaárvogar (Reykjavík I og II) sem svara þessu oftast játandi en aðrir. Einnig segjast tekjuháir nú nota oftast aðra ferðamáta en einkabílinn en áður.




Mynd 29

Hvaða ferðamáta aðra en einkabíl notar þú nú meira en áður?

Sumarið 2014 notuðu svarendur oftast reiðhjól í stað einkabíls, 61% svara. Því næst var gengið og 34% sögðust nota strætisvagna. Hlutfallslega fáir fá far með öðrum eða nota mótorkjól eða leigubíla.


Yngra fólk og konur ganga nú frekar en að nota einkabíl og nota einnig strætisvagna meira. Fólk 25 til 54 ára nefnir oftast reiðhjól sem valkost en aðrir.



Mynd 29

Ef litið er til borgarhluta segjast svarendur í eldri hluta borgarinnar, Reykjavík I og II, hafa skipt yfir í reiðhjól eða gengið oftast en svarendur í öðrum borgarhlutum. Notkun á Strætó er


hlutfallslega oftast nefndur sem valkostur í ytri byggðum höfuðborgarsvæðisins. Svarendur í Reykjavík I og grannsveitarfélögum nefna hlutfallslega oftast að þeir fái far með öðrum í einkabíl.



Mynd 30


Hver er mikilvægasta framkvæmd í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu næstu misseri?

Töluverðar breytingar hafa orðið á svörum við þessari spurningu í síðustu könnunum. Mynd 31 gefur ekki nákvæma mynd af þessum svörum því að valkostir hafa ekki alltaf verið þeir sömu. Það er þó greinilegt að umætur á stofnbrautakerfinu sem áhersluþáttur hefur dalað mikið frá 2007 í könnunum 2010 og 2014. Nefnt af 69% svarenda 2007 en 27% 2014. Að bæta þjónustu Strætó og göngu- og hjólreiðakerfi hafa hækkað að sama skapi. Meiri áhugi er fyrir að undirbúa léttlestakerfi 2014 en áður.




Mynd 31

Niðurstöður svara 2014 eru á mynd 31. Þar kemur fram að nýr valkostur sem ekki var í fyrri könnunum að fækka og bæta hraðahindranir, nefna 5% þann kost. Dæmi um annað sem nefnt var er; að setja Geirsgötu í stökk, ekki þrengja allar götur, bæta reiðleiðir á höfuðborgarsvæðinu og bæta ferðþjónustu fatlaðra og bæta aðgengi fatlaðs fólks.



Mynd 32

Ef litið er til svara eftir borgarhlutum kemur fram að svörin eru nokkuð svipuð. Svarendur í ytri byggðum höfuðborgarsvæðisins nefna oftar en aðrir að bæta þurfi stofnbrautakerfið. Svör um betri þjónustu Strætó dreifast nokkuð jafnt, hlutfallslega flestir nefna það í Reykjavík I og III..



Mynd 33

Sama á við um umbætur á hjóla og gönguleiðum. Ósk um undirbúning að léttlestakerfi fær nokkuð jafnan stuðning eftir borgarhlutum. Hlutfallslega flestir í Reykjavík II og III vilja fækka og bæta hraðahindranir. Valkosturinn að fjölga bílastæðum í miðbænum fær jafna dreifingu 3% - 5% eftir borgarhlutum

Samantekt.


Meðalferðatími er heldur að lengjast á höfuðborgarsvæðinu og er sumarið 2014 tæpar 13 mínútur.

Meðalfjöldi ferða er svipaður og áður um 4,5 ferðir að meðaltali. Notkun einkabílsins hefur verið að dragast saman var 87% allra ferða 2007 og 75% 2014. Tæpur þriðjungur svarenda notaði meira aðra ferðamáta en einkabílinn sumarið 2014 en áður. Hlutfallslega flestir ganga og nota reiðhjól í Reykjavík I. Flestir svarendur vilja sjá aukna áherslu á umbætur á stofnbrautakerfinu, þjónustu Strætó og á göngu- og hjólastígum næstu misseri.

Viðauki I Bakgrunnsupplýsingar.

Stærð heimila á höfuðborgarsvæðinu 2014.


Hlutfallslega flest einstaklingsheimili eru í Reykjavík I. Algengast er að tveir séu í heimili eða 29% allra heimila. Heimili með 3 – 4 heimilismenn eru næst algengust um 20% hvor stærðin. Stærstu heimilin eru í Reykjavík III. Á 52% heimila á höfuðborgarsvæðinu eru engin börn yngri en 18 ára. Í Reykjavík I eru engin börn á 58% heimila. Meðalstærð heimila á höfuðborgarsvæðinu er 3.05 einstaklingar. Minnst heimili eru í Reykjavík I 2,77 einstaklingar og fjölmennust í Reykjavík III 3,38. Að meðaltali eru 0,86 börn á heimili á höfuðborgarsvæðinu. Fæst 0,72 í Reykjavík I og flest 1,0 í grann sveitarfélögunum.



Mynd 34

Eignarhald á húsnæði.

Um 69% svarenda á höfuðborgarsvæðinu býr í eigin húsnæði, 20% leigja, 9% búa í foreldrahúsum og 2% búa við annað fyrirkomulag.




Mynd 35

Eignarhald á húsnæði er hlutfallslega hæst í ytri byggðum höfuðborgarsvæðisins og leigjendur flestir í Reykjavík I, gamla bænum og nágrenni. Hlutfallslega flestir sem búa í foreldrahúsum búa í Reykjavík III.

Bifreiðaeign á höfuðborgarsvæðinu.

Á 7% heimila á höfuðborgarsvæðinu er enginn bíll og á 54% heimila einn bíll. Tveir bílar eru á 30% heimila og á 9% heimila þrjár eða fleiri bílar. Flest heimili eru bíllaus í gamla bænum, Reykjavík I og flestir bílar í ytri byggðum, Reykjavík III og grann sveitarfélögum. Þar eru 3 eða fleiri bíla á 54% heimila.



Mynd 36

Meðalfjöldi bíla á heimili á höfuðborgarsvæðinu er 1,43 bílar. Lægst meðaltal er í Reykjavík I 1,12 bílar en flestir í Reykjavík III 1,67 bílar.

Viðauki II Spurningalisti sumarkönnun 2014

1. Hve oft ferðast þú út fyrir þitt sveitarfélag (byggðasvæði) í sumar, júní, júlí og ágúst?
[opin spurning]

[Spurt ef svarendur hafa ferðast út fyrir sitt sveitafélag]
2. Ferðamáti: Hvernig ferðast þú oftast út fyrir sveitarfélag?
 - a) Eigin bíl
 - b) Farþegegi í bíl
 - c) Rútu / Strætó
 - d) Flug
 - e) Ferju
 - f) Með öðrum hætti
 - g) Veit ekki
 - h) Vil ekki svara
3. Hefur þú ferðast með Strætó út fyrir þitt sveitafélag (byggðasvæði) í sumar, júní, júlí og ágúst?
 - a) Já
 - b) Nei
 - c) Veit ekki / Vil ekki svara[Spurt ef svarendur hafa farið út fyrir sitt sveitafélag með Strætó í sumar]
4. Hversu oft fórstu út fyrir þitt sveitafélag (byggðasvæði) í sumar með Strætó?
[opin spurning]
5. Átt þú tjaldvagn, fellihýsi eða hjólhýsi?
 - a) Já
 - b) Nei
 - c) Veit ekki/vil ekki svara[Spurt ef svarendur eiga tjaldvagn, fellihýsi eða hjólhýsi]
6. Hvað notaðir þú það marga daga s.l. sumar?
[opin spurning]

[Einungis spurt ef fólk býr á landsbyggðinni]
7. Hve oft fórst þú til höfuðborgarsvæðisins í sumar?
[opin spurning]

8. Hver er mikilvægasta framkvæmd í samgöngukerfi landsins á næstu misserum að þínu mati?
- a) Lagning Sundabrautar
 - b) Bæta almenningssamgöngur
 - c) Bæta hringvegin (tvöfalda)
 - d) Jarðgöng á landsbyggðinni
 - e) Bæta stofnbrautakerfið á höfuðborgarsvæðinu
 - f) Bæta Suðurlandsveg
 - g) Annað, hvað? [opin spurning]
 - h) Veit ekki
 - i) Vil ekki svara
 - j)
9. Ferðaðist þú meira eða minna innanlands núna í sumar en þú gerðir sumarið 2013?
- a) Meira
 - b) Svipað
 - c) Minna
 - d) Veit ekki / Vil ekki svara
 - e)
10. Hafði fjöldi erlendra ferðamanna áhrif á ferðavenjur eða ferðaætlanir þínar síðastliðið sumar?
- a) Já
 - b) Nei
 - c) Veit ekki / Vil ekki svara
- [Spurt ef svarendur segja að fjöldi erlendra ferðamanna hafi haft áhrif]
11. Hvaða áhrif hafi fjöldi erlendra ferðamanna á ferðavenjur eða ferðaáætlanir þínar síðastliðið sumar?
- Merktu við allt sem við á
 - a) Hætti við að heimsækja fjölsóttan ferðamannastað
 - b) Fékk ekki gistingu þar sem ég hafði áætlað að gista
 - c) Fékk ekki borð á veitingastað
 - d) Ákvað að ferðast frekar erlendis
 - e) Annað, hvað [opin svarmöguleiki]
 - f) Veit ekki/vil ekki svara

B INNANLANDSFLUG

12. Hve oft flaugst þú innanlands síðustu þrjá mánuði (júni, júlí og ágúst)?
[opin spurning]
13. Hve oft flýgur þú að jafnaði innanlands á ári?
[opin spurning]
14. Hve oft flýgur þú til útlanda á ári að jafnaði?
[opin spurning]

15. Ert þú sammála eða ósammála því að flytja eigi miðstöð innanlandsflugs úr Vatnsmýrinni í Reykjavík?
- Mjög sammála
 - Frekar sammála
 - Hvorki né
 - Frekar ósammála
 - Mjög ósammála
 - Veit ekki / vil ekki svara
16. Ef ákveðið verður að flytja miðstöð innanlandsflugs úr Vatnsmýri hvert á þá að flytja hana?
- Hólmsheiði
 - Löngusker
 - Keflavík
 - Annað, hvert? [opin spurning]
 - Veit ekki / Vil ekki svara
- [Spurt ef svarandi hefur ferðast með innanlandsflugi]
17. Hvert á höfuðborgarsvæðinu átt þú oftast erindi?
- Vestan Kringlumýrarbrautar (Miðbæinn)
 - Milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar (Kringlan – Skeifan)
 - Austan Reykjanesbrautar (Breiðholt-Grafarvogur/holt-Mosfellsbær)
 - Sunnan Fossvogsdals (Kópavogur til Hafnarfjarðar)
 - Suðurnes
 - Annað, hvert? [opin spurning]
 - Veit ekki / Vil ekki svara

C) FERÐIR FÓLKS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

(skipt í 4 svæði – aðeins fyrir íbúa höfuðborgarsvæðis)

18. Hve langan tíma tekur ferð þín milli heimilis og vinnustaðar að jafnaði?
[opin spurning – mín]
19. Hve margar ferðir ferð þú að jafnaði á virkum degi?
– öll erindi (ein ferð = milli A og B)

[opin spurning]
20. Hve löngum tíma telur þú að þú eyðir í einkabíl að jafnaði á virkum degi?
[opin spurning – mín]
21. Ferðamáti: Hvernig ferðast þú að jafnaði innan höfuðborgarsvæðis?
- Gangandi
 - Eigin bíl
 - Farþegi í bíl
 - Reiðhjól
 - Strætó

- f) Með öðrum hætti
- g) Veit ekki / Vil ekki svara

22. Notar þú nú meira aðra ferðamáta en einkabíl en þú gerðir fyrir 2 árum?

- a) Já
 - b) Nei
 - c) Veit ekki / Vil ekki svara
- [spurt ef svarendur hafa ferðast meira með öðrum hætti]

23. Hvaða ferðamáta notar þú meira í dag heldur en þú gerðir fyrir 2 árum í stað einkabíls?

- a) Fer meira gangandi
- b) Nota meira reiðhjól
- c) Nota meira mótörhjól
- d) Nota meira strætisvagna
- e) Fæ oftast far með öðrum í bíl
- f) Nota meira leigubíla
- g) Veit ekki /vil ekki svara

24. Hver er mikilvægasta framkvæmd í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu næstu misseri að þínu áliti?

- a) Bæta stofnbrautakerfið
- b) Bæta þjónustu Strætó m.a. að auka tíðni ferða
- c) Bæta hjóla- og gönguleiðir
- d) Fækka og bæta hraðahindranir
- e) Fjölga bílastæðum í miðbænum
- f) Vinna að undirbúningi léttlestakerfis
- g) Annað, hvað? [opin svarmöguleiki]
- h) Veit ekki / Vil ekki svara

D) BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR

Staðlaðar upplýsingar frá MMR: Kyn, Aldur, Búsetu, Menntun, Heimilistekjur

Viðbótarbakgrunnsupplýsingar fyrir Land-ráð:

25. Hversu mörg börn, yngri en 18 ára, búa á heimilinu?

- d) Engin börn
- e) 1 barn
- f) 2 börn
- g) 3 börn
- h) 4 börn
- i) 5 börn eða fleiri
- j) Vil ekki svara

26. Hversu margir búa á heimilinu?

-börn og fullorðnir samanlagt

- i) 1
- j) 2
- k) 3
- l) 4
- m) 5
- n) 6
- o) 7
- p) 8 eða fleiri
- q) Vil ekki svara

27. Hversu margir bílar eru á heimilinu?

- a) Engin bíll
- b) 1 bíll
- c) 2 bílar
- d) 3 bílar
- e) 4 bílar eða fleiri
- f) Vil ekki svara

28. Býrð þú í eigin húsnæði eða öðru húsnæði?

- g) Ég bý í eigin húsnæði
- h) Ég bý í leiguhúsnæði
- i) Ég bý í foreldrahúsum
- j) Ég bý við annað fyrirkomulag
- k) Veit ekki
- l) Vil ekki svara

Viðauki III Kannanir Land-ráðs um ferðavenjur

- 1) Áhrifasvið höfuðborgarsvæðisins og helstu þéttbýlisstaða: *Sumarferðir 2004*, nóvember 2004
- 2) Áhrifasvið höfuðborgarsvæðisins og helstu þéttbýlisstaða: *Vetrarferðir 2004 – 2005*, ágúst 2005
- 3) *Erlendir ferðamenn á Íslandi: Þróun á ferðavenjum og áhrif á samgöngukerfi*, júní 2006
- 4) *Könnun meðal farþega í innanlandsflugi, í mars – apríl 2006*, september 2006
- 5) *Ferðir til Reykjavíkur frá 16 landsbyggðarsvæðum*, október 2006
- 6) *Ferðavenjur sumarið 2007*, janúar 2007
- 7) *Ferðavenjur veturinn 2007 – 2008*, október 2008
- 8) *Könnun á ferðavenjum í mars 2009 (Kreppukönnun)*, apríl 2009
- 9) *Könnun á ferðavenjum sumarið 2010*, október 2010
- 10) Könnun á ferðavenjum í mars 2012
- 11) Könnun á ferðavenjum í september 2014

